

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44  
710 Seyðisfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 4. október 2016  
UST201609-111/K.S.J.  
10.04.02

## Efni: Lýsing. Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030, tillaga að breytingu á landnotkun á Vestdalseyri.

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seyðisfjarðar er barst 16. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar um breytingu á landnotkun á Vestdalseyri.

### Skipulagssvæðið


Í ofangreindri lýsingu kemur fram að áætlað skipulagssvæði er: „*báðu megin á frá vikinni innan við eyrina og út að Grýtá og upp að fyrsta klettabelti ofan við eyrina*“. Vestdalseyri er í gildandi aðalskipulagi skilgreind sem opið svæði, en einnig er svæðið hverfisverndað og innan svæðis sem er nr. 607 á náttúruminjaskrá.

Í ofangreindri lýsingu segir að stefnt er að því að á svæðinu verði landnotkunin verslunar- og þjónustusvæði og svæði fyrir íbúðarbyggð. Stofnunin bendir á að í lýsingu kemur ekki fram hver áætluð uppbygging er né hver áætlaður þéttleiki byggðar er.


### Náttúruminjar

Í náttúruminjaskrá segir um ofangreint skipulagssvæði: „*Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri, Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, N-Múlasýslu. (1) Svæði frá Hrafnabjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar, þá ráða hreppamörk á Brimnesfjalli að Grýtukolli suður með Grýtuá. Vestdalur, Hrutahjalli, norðureggjar Bjólfs og þaðan sýslumörk norður að Hvannastóðseggjum. Vatnaskil ráða mörkum frá Hvannastóðseggjum að Hrafnabjargi. (2) Viðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tekið verði tillit til landslags og sérstöðu á svæðinu við alla áætlanagerð. Stofnunin bendir á að skoða þarf áhrif hækkandi sjávarstöðu á eyrina þegar hugað er að skipulagningu hennar. Einnig telur stofnunin mikilvægt farið verði varlega í skipulagningu og framkvæmdir á ofangreindu náttúruminjasvæði.

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur